

Fundargerð 47. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar 03.júní 2010, kl. 12.00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm. framkvæmdastjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.
Karlotta B. Aðalsteinsdóttir, endurskoðandi frá Ríkisendurskoðun

1. Fundargerð síðasta fundar.
Borinn upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Samþykkt á ársreikningi 2009
Ársreikningur fyrir árið 2009 lagður fyrir stjórn til samþykktar.
Karlotta B. Aðalsteinsdóttir, endurskoðandi frá Ríkisendurskoðun, kom á fundinn undir þessum lið og fór yfir ársreikninginn.
Stjórn samþykkir og undirritar ársreikning Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar fyrir árið 2009.

3. Önnur mál

Verðkönnun – Fjarvöktun og útkallsþjónusta öryggiskerfa
Gögn vegna verðkönnunar lögð fyrir stjórn. Stjórn samþykkir að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

Gekon

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn samstarfssamning við Gekon ráðgjafafyrirtæki um kortlagningu íslensks jarðhitaklasa og uppbyggingu hans á Íslandi. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá samningi.

Aðalfundur Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar


Að beiðni fjármálaráðuneytis hefur aðalfundi félagsins verið frestað þar til síðar.

Þakkir frá stjórn og framkvæmdastjóra til stjórnarformanns

Stjórn ásamt framkvæmdastjóra færa stjórnarformanni Þróunarfélags

Keflavíkurflugvallar, Páli Sigurjónssyni, kærar þakkir fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.



Páll Sigurjónsson.
Árni Sigfússon.
Reynir Ólafsson.